

Lundaból

2025 – 2026



Gleði – Virðing – Samvinna

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós leikskólans - Gildin okkar	3
2	Greinagerð leikskólastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
4	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	6
5	Innra mat deilda	8
6	Innra mat sérkennslu	12
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	14
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	14
8	Foreldrasamvinna	15
9	Niðurstöður úr Foreldrakönnun leikskólapúlsins 2025	16

1 Leiðarljós leikskólans - Gildin okkar

Gleði - Við veljum að vera jákvæð í okkar daglegu samskiptum og hafa hómur fyrir sjálfum okkur og öðrum. Við trúum því að vinnustaður með góðum anda auki vellíðan og sköpunargleði. Hollusta, heilbrigði og rétt viðhorf eykur á gleðina.

Virðing - Við erum fagmenn á okkar sviði og beitum rökum til að styðja við skoðanir okkar og virðum skoðanir annarra. Við notum gagnrýni á uppbyggjandi hátt. Við berum virðingu fyrir starfi okkar, erum stundvís, metnaðarfull og iðkum fagmennsku.

Samvinna - Góð samvinna byggir á heiðarleika, jákvæðni og trausti. Við hugsum í lausnum og tókum höndum saman um að veita framúrskarandi þjónustu við börn og foreldra þeirra.



2 Greinagerð leikskólastjóra

Hagnýtar upplýsingar um leikskólann: Í Lundabóli eru starfandi þrjár leikskóladeildir og dvelja 63 börn samtímis á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Í Lundabóli starfa 13 leikskólakennarar og 4 með aðra háskólamenntun, þannig að 18 af 22 starfsmönnum eru með menntun til að starfa með börnum og teljum við að þetta háa menntunarstig sé lykilinn að velgengni okkar og árangri.

Sérstaða leikskólans: Unnið er eftir grunnþáttum menntunar og önnur fjölmörg verkefni sem vekja áhuga kennarans hverju sinni. Við sækjum eftir styrk í þróunarsjóð og hefur tilkoma hans breytt miklu fyrir starfið. Starfsmannahópurinn hefur áhuga á að kenna sig við sjálfbærni og halda áfram þeirri vinnu að kenna börnunum góða umgengni við náttúru, að nýta það sem þau eiga og hugsa um að allir og þá ekki síst þau sjálf geti haft áhrif.

Helstu verkefni og áherslur: Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna, innleiðing og fá að heyra raddir barna, hvað skiptir þau máli og hvað hafa þau um nám og umhverfið sitt að segja. Tónlist með yngri börn, vísindasmiðja, könnunaraðferð, sjálfbærni, núvitund, slökun, útikennsla og náttúruskoðun. Einnig er lögð áhersla á að vinna með læsi, sköpun og jafnrétti. Síðast en ekki síst er unnið með velferð barna, vináttu og góðan skólabrag sem skilar sér í glaðari börnum.

Foreldrasamstarf, áherslur: Mjög mikilvægt er að vera með góða kynningu fyrir nýja foreldra og taka einstaklega vel á móti þeim og barninu, skapa jarðveg fyrir traust og góð samskipti. Við leggjum okkur fram við að upplýsa foreldra um starfið reglulega og notum til þess fjölmargar aðferðir. Einnig bjóðum við foreldrum í 2 samtöl yfir árið þar sem farið er yfir stöðu barnsins og líðan. Nokkrum sinnum yfir árið eru viðburðir sem foreldrum er boðið að koma til okkar og horfum við þá í samveru barna, foreldra og starfsmanna. Undantekningalaust er góð mæting og þátttaka foreldra.

Nýbreytni í leikskólastarfinu: Við höfum unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með því markmiði að kenna börnum réttindi barna og að þeirra skoðun og rödd skiptir máli fyrir fullorðna að heyra. Við höfum verið að nýta náttúruna og umhverfið við leikskólann með öðrum hætti en áður og erum spennt fyrir áframhaldandi útikennslu á næsta skólaári. Við höfum haldið áfram að leggja áherslu á góða næringu og hvíld og haft hugsun á að vernda börnin fyrir of miklu áreiti og hávaða. Við skiptum þeim upp í litla hópa eins oft yfir daginn og mögulegt er, þannig náum við að takmarka tímann þar sem of mörg börn eru saman á litlu svæði. Þetta hefur skapað meiri ró og vellíðan sem var markmiðið.

Sérfræðiþjónusta: Við hér í Garðabæ búum vel að stuðningi frá stoðþjónustu bæjarins og getum saman gripið inn í ef þurfa þykir fljótt og af öryggi. Sérkennslufultrúi fundar með okkur reglulega ásamt því að sálfræðingur hittir okkur hérna í leikskólanum og við förum yfir málin í sameiningu. Talmeinafræðingur er mikilvægur hlekkur í þessari keðju og kemur hann reglulega og liðsinnir okkur. Við höfum kallað til túlka ef þarf og er það

einnig mikilvægt að foreldrar geti tjáð sig á sínu tungumáli og það skapar líka ró fyrir kennarana að geta gert slíkt hið sama. Við höfum skerpt á verklagi og haldið áfram að vinna eftir ;Velferð barna í Garðabæ; og erum oftast að grípa inn í aðstæður og liðsinna foreldrum bæði varðandi hegðun barna, svefn og almenna líðan.

Niðurstöður mats á skólastarfi: Foreldrakönnun sem Skólapúlsinn framkvæmdi í febrúar kom vel út og voru foreldrar **ánægðir með leikskólann, með stjórnun, vinnubrögð, tengsl við starfsfólk og þekktu vel stefnu leikskólans.** Við fögnum þessum niðurstöðum og höldum áfram á sömu braut að þjónusta fjölskyldur í bænum og berum virðingu fyrir því trausti sem okkur er sýnt.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Námsumhverfið	Rýnihópar barna, starfsfólks og Foreldrakönnun	Börn, starfsmenn, foreldrar	Námsumhverfið er frábært og stuðlar að forvitni, sköpun og námi í jákvæðu stuðningsríku umhverfi. Börnin vilja og eiga að nálgast leikefnið sjálf og stjórna leiknum. Á yngstu deild hamlar oft plássleysi notalegum sjálfssprottum leik.
Mannauður, samvinna í leikskólanum	Rýnihópar starfsfólks og umræður á skipulagsdegi í maí	Starfsfólk	Samvinnan á deildum er mjög góð, starfsfólk segist ganga í takt. Lærdómsríkur vetur og margt áunnist. Samvinna á milli deilda og tími til umræðna mætti vera meiri og ætlum við að leggjast yfir með hvaða hætti næsta skólaár.
Stjórnun, Mannauður, samráðsfundir á deildum	Rýnihópar starfsfólks og umræður á skipulagsdegi í maí	Deildastjórar, starfsfólk	Vantar að setjast oftast niður í stutta stund, deildar misduglegar við að skipuleggja samráð. Auðvelt fyrir hádegi þar sem kaffitímum hefur verið breytt

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldrar - Ánægja með Lundaból	Viðhorfskönnun foreldra	Foreldrar	<ul style="list-style-type: none">- góð líðan barns- góð samskipti- góðir starfshættir- dagleg viðfangsefni
Foreldrar - Vinnubrögð	Viðhorfskönnun foreldra	Foreldrar	<ul style="list-style-type: none">- stuðningur og hvatning- hvött til sjálfstæðis- fjölbreyttar leiðir til að skrá þroska og framvindu.- Starfsfólk hæft og metnaðarfullt
Foreldrar - Tengsl við starfsfólk	Viðhorfskönnun foreldra	Foreldrar	<ul style="list-style-type: none">- Mjög góð tengsl við starfsfólk.- Gott aðgengi að starfsfólki- Virðing í samskiptum

4 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Við höfum gert umbótaáætlun varðandi hvernig við flytjum börn á milli deilda í ágúst í nánara og betra samráð við foreldra. Börn mæta á gömlu deildina eftir sumarleyfi og fara þaðan í litlum hópum í aðlögun/heimsóknir á nýju deildina sína. Deildastjórar vinna saman að því að skipuleggja þessar heimsóknir og senda foreldrum tölvupósta með upplýsingum um hvernig gengur. Foreldrar sjá sjálfir um að flytja fatnað á milli deilda þegar að því kemur. Einnig erum við með umbótaáætlun um hvernig við hvetjum foreldra til aðkomu að starfinu og skipulagi þess. Við höldum áfram að bjóða foreldrum á vel valda viðburði yfir skólaárið, ásamt því að bjóða foreldrum að taka þátt í foreldrafélagi og ráði. Til viðbótar ætlum við að bjóða foreldrum að koma til okkar á hádegisfundi þar sem fyrir fram ákveðin málefni leikskólans verða rædd, dæmi: betra vinnuumhverfi leikskólabarna, matseld og breytingar á framboði fæðu, áherslur varðandi atferli barna og jákvæða styrkta hegðun. Það verður spennandi að heyra betur í foreldrum og hvaða áherslur þeir hafa varðandi nám og umhverfi barna sinna. Klárur að endurskrifa námská leikskólans.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun						
Skólanámskrá	Endurskrifa skólanámskrá	Efla og styrkja ritstjórn og hvetja til dáða	Stjórnendur og Ritstjórar	Feb'26	Gagnasöfnun, hver deild skrifar það sem verið er að gera og ritstjórar taka saman	Gefa út um næstu áramót.
Samráðsfundir starfsfólks og foreldra	Auka aðgengi og gefa betri tíma fyrir samtali	Skipuleggja samráðsfundi á deildum og á milli starfsfólks og foreldra	Leikskólastjóri	Ág 25 Maí 26	Nota tímann á milli 10-11 á morgnanna. Skipuleggja fyrir fram og skrifa fundagerðir. Hádegisfundir með foreldrum	Mikilvægt að starfsfólk ná góðu samráði og að við heyrum betur raddir foreldra og hlustum á þeirra sjónarmið.
Uppeldis- og menntunarstarf						
Flutningur barna á milli deilda	Foreldrum finnst þeir ekki vera þátttakendur í flutningi á milli deilda	Umbótaáætlun um hvernig við bætum aðkomu foreldra að flutningi barna á milli deilda	Deildastjórar og allt starfsfólk	maí 25 sep '25	Rýnihópar barna, foreldra og starfsfólks	Að allir foreldrar séu sáttir og vel upplýstir um framkvæmdina
Mannauður / Leikskólabragur						
Starfsþróun	Efla samvinnu á milli deilda	Reglulegir samráðsfundir, 2x í mánuði	Leikskólastjóri	maí 25 maí 25	Matsspurningar á skipulagsdegi maí 2026, fundagerðir	90 % starfsfólk sátt með samráð
Hádegisverður	Auka próteinríka orkugjafa, auka fjölbreytni	Fá næringarfræðing til að taka út matseðla og koma með tillögur að úrbótum	Leikskólastjóri	Ágú'25 Maí'26	Rýnihópar, barna og starfsfólks	Skólapúlsinn, könnun á meðal starfsfólks í feb '26
Innra mat						
Aðkoma foreldra að starfinu	Efla raddir foreldra í starfinu	Foreldrafundur sept 25 og könnun send á foreldra með spurningum um þeirra aðkomu	Stjórnendur	Sep'24 Jan'25	Finna aukinn vettvang fyrir foreldra til að hafa meira um starfið að segja.	Foreldrum finnst þeir ekki fá næga hvatningu til að hafa áhrif á starfið. Fjölga foreldrum sem eru sáttir með aðkomu.

5 Innra mat deilda

Lyng – innra mat:

Lyngið er deild fyrir yngstu börnin í leikskólanum og voru í vetur börn fædd 2022 og 23 saman á deildinni.

Áherslan er lögð á góða og persónulega aðlögun, foreldrar fá góðan fund áður en barnið byrjar og eins fljótt og hægt er dagsetningu í aðlögun. Í aðlögun er lagt upp með að foreldrar kynnist starfsfólkinu og starfinu sem allra best og fá gott tækifæri til að dvelja hjá okkur og sjá hvernig dagurinn gengur fyrir sig.

Unnið er með **bangsann Blæ** og farið er vel yfir spjöldin sem henta þetta litlum börnum, ásamt því að blær fær að vera með þeim í daglegu starfi og hvíldinni. **Bækur og sögur** eru mikið notaðar og þau læra listina að hlusta og njóta, ásamt því að syngja mikið og spila á hljóðfæri. Lubbi kemur reglulega til okkar í heimsókn og unnið var markviss með hann í samverustundum og nýtt hljóð/stafur kynntur í hverri viku.

Á Lynginu var unnið þróunarsjóðsverkefni um tónlist og **tónlistaruppeldi** með aðstoð frá sérfræðingum í Tónagulli. Í vetur var einnig unnið þróunarsjóðaverkefni með námsefnið **Leikur að læra** en þessi aðferð leggur áherslu á hreyfingu og leiki sem náms- og þroskaleið.

Á hverjum degi er **hópatími** þar sem börnum er skipt upp í litla hópa og unnið með **grunnþætti menntunar** með áherslu á hreyfingu og sköpun. Samvera, samvinna, hlýja og gleði einkennir starfið á Lynginu og mikið lagt upp úr vináttu og góðum samskiptum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samvera	Rólegri stund, betra skipulag	Lengri samvera kl 9 og vera í púðaherbergi, styttri fyrir hádegiverð	Deildarstjóri	Maí 25 Maí 26	Skráningum, rýnihópar á skipulagsdegi í maí	Nota samveru sem kennslustund, fræðslu eins og er á eldri deildum
Hópatími/ vinnustund	Nýta tímann til að eiga gæðastund með börnum í litlum hóp	Mikilvæg kennslustund, skrá og mynda	Deildastjóri	Sep'25 Maí'26	Skráningum, rýnihópar á skipulagsdegi í maí	Fjölga orðum sem börnin nota, efla vináttu og samskipti
Hreyfing	Skipuleggja betur hreyfingu fyrir alla hópa	Undirbúa fjölbreytta hreyfingu fyrir alla 2 svar í viku	Deildarstjóri og hópstjórar	Sep'25 Jún'26	Að börnin eflist í hreyfingu og viðhaldi góðri hreyfifærni	Skrá niður getu í upphafi og fylgjast með framförum á færniblaðinu varðandi hreyfingu

Lauf – innra mat:

Á Laufinu voru börn fædd 2020 og 2021. Áherslan í vetur var á grunnþætti menntunar með sjálfsþrottinn leik í aðalhlutverki ásamt verkefnum tengdum læsi. **Lubbi** heimsótti börnin í hverri viku með nýtt hljóð og vakti lukku í hvert skipti. Börnin voru dugleg að tileinka sér hljóðin og táknið við þau. Við sáum miklar framfarir bæði í hljóðamyndun og eins í framburði.

Námsefni tengt **Blæ** vináttubangsa var unnið í vetur og markmið verkefnisins var að fyrirbyggja einelti, móta góðan skólabrag, skapa jákvæð samskipti og jákvæð viðhorf í garð allra í hópnum. Grunnildi verkefnisins eru: umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Blær kenndi börnum vináttu og góð samskipti ásamt því að kenna þeim réttindin barna samkvæmt **Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna**. Mjög flott og skemmtilegt verkefni. Hreyfing og útivera átti sinn sess ásamt því að nýta hvert rými mjög vel. Við tengdum þróunarsjóðaverkefnið **Leikur að læra** inn í hreyfistundir í sal með því að nota leikina og tónlist. Þessar stundir voru mjög vinsælar og börnin höfðu gaman af. Við nýttum útsvæðið mjög vel, ásamt því að allir hópar fóru í **ævintýraferðir** í nánasta umhverfi skólans. Börnin unnu með fjölbreyttan efnivið og fengu tækifæri til að efla sköpunargleðina.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hreyfing/útivera	Nýta útsvæðið til að efla og styrkja markvissa hreyfingu hjá öllum börnum	Kenna leiki úr námsefninu Leikur að læra sem nýstast á útsvæði og í salnum	Deildarstjóri	Sep'25 Maí'26	Skráningum, samtali við börn, foreldra, starfsfólk	Leikur að læra námsefnið nýtt betur af öllu starfsfólki
Frjáls leikur	Aðgengi barna að leikefni og efla getu þeirra til að stjórna leiknum sjálf.	Fjölga opnum hillum svo börnin geti nálgast leikefnið sjálf	Deildarstjóri	Sep'25 Maí'26	Starfsfólk metur reglulega yfir tímabilið	Gott flæði í leik og betri samskipti á milli barna.
Þemavinna	Fjölbreytt vinna út frá áhugasviði barnanna. Notum könnunaraðferð til að grípa áhugann og getum unnið út frá öllum þáttum aðalnámskrá	Vinna markvisst með þemu í öllum hópum sem hentar hverjum aldri fyrir sig	Deildarstjóri	Okt'25 Maí'26	Samtal með starfsfólki og börnum	Skemmtilegt og fjölbreytt vinna sem allir fá tækifæri til að taka þátt í.

Lerki – innra mat:

Á Lerkinu voru börn fædd 2019 og 2020

Í litlum hópum var unnið með grunnþætti menntunar með áherslu á lýðræði, læsi, sjálfbærni og sköpun. Einnig var lögð áhersla á þróunarsjóðsverkefnið **Raddir barna** en í því verkefni erum við að kenna börnunum réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Verkefnið gengur út á að styrkja börnin í því að hafa skoðun, vita rétt sinn og þora að spyrja spurninga og setja mörk í samskiptum við félagi sína og fullorðna fólkið. Framkvæmdin er með þeim hætti að börnin mæta á fund þar sem fræðsla fer fram og börnin stjórna oftast umræðuefninu, spyrja spurninga og taka ákvarðanir.

Þróunarsjóðs verkefnið **Leikur að læra** var unnið á deildinni í vetur og gengur út á að kenna bókleg fög í gegnum leik, hreyfingu og að nota mismunandi skynfæri. Við erum svo lánsöm að hafa getað fengið afnot af fimleikasalnum í Ásgarði tvisvar í mánuði og nýttum við þann tíma vel fyrir leikja- og hreyfistundir. Börnin voru alltaf ótrúlega spennt fyrir þeim tímum.

Ævintýraferðir voru farnar einu sinni í viku og eru það stundir sem kenndar eru úti í tengslum við náttúru og umhverfi. Við flettum inn í þær stundir, læsi, stærðfræði og góðum samskiptum.

Við erum með myndlistarkennara sem kemur einu sinni í viku og kennir börnunum listina að skapa og kynnir fyrir þeim hvaða efnivið er hægt að nota. Börnin vinna fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem eiga að ýta undir sköpunarkraft og kveikja á ímyndunaraflinu. Mjög ánægjulegt er að sjá hvað verkefni reyna á sköpunarhæfni og vinnusemi barnanna.

Samstarfið við Hofstaðaskóla gekk mjög vel. Við fórum í nokkrar heimsóknir í grunnskólann og frístundaheimilið Regnbogann. Skemmtileg upplifun og mikil ánægja hjá bæði foreldrum og börnum.

Skipulag á deildarstarfi í vetur gekk vel fyrir sig. Mjög samheldinn hópur kennara átti góðan vetur við leik og störf. Mikil ánægja með gott andrúmsloft bæði í barnahópnum og eins í kennarahópnum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hegðunarkennsla, atferlisþjálfun með aðstoð atferlisfræðings	Styrkja jákvæða hegðun öllum til hagsbóta. Á sama hátt draga úr neikvæðri hegðun með samræmdum, rannsókuðum aðferðum	Kenna og þjálfa starfsfólk í atferlismótun. Gefa jákvæðri hegðun gaum og styrkja og fá verkfæri og kennslu í að draga úr neikvæðri hegðun	Deildastjóri og starfsmenn deildarinnar	maí'25 maí'26	Skráningum, samtali við börn, foreldra og starfsfólk	Bæta samskipti á milli barna og mæla árangur og líðan
Hreyfing/útivera	Nýta útisvæðið til að efla og styrkja markvissa hreyfingu hjá öllum börnum	Kenna leiki úr námsefninu Leikur að læra sem nýttast á útisvæði og í salnum	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	sep'25 maí'26	Samráðsfundur og rýnihópar barna	Leikur að læra námsefnið nýtt betur af öllu starfsfólki
Röddin mín (Barnalýðræði/ Barnasáttmálinn)	Að börnin fái tækifæri til að halda áfram að hafa áhrif á starfið, bæði innan deildar sem utan	Hlusta á raddir barna. Fræða börn um réttindi sín og forréttindi	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	sep'25 maí'26	Skráningar og myndir	Að börnin á deildinni upplifi að þeirra skoðanir og áhugamál skipti máli og það sé hlusta á þau.

6 Innra mat sérkennslu

Á skólaárinu 2024-2025 voru 14-15 úthlutaðir tímar til sérkennslu í Lundabóli. Þessir tímar voru skráðir á 5-6 börn.

Auk þessara tíma hefur mikill tími farið í að sinna málörvun og framburðarþjálfun einstakra barna.

Barn sem nýtur stuðnings er fyrst og fremst barn í leikskólanum. Stuðningur þess er ætlaður til að styðja við barnið í barnahópnum, þannig að öll börn geti átt hlutdeild í leikskólastarfinu. Það hefur verið og verður áfram aðalmarkmið þeirra kennara og starfsmanna sem sinna sérkennslu í Lundabóli.

Mat á sérkennslu 2024-2025

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Þau börn sem njóta sérkennslu eru með einstaklingsáætlun og er unnið eftir henni.</p> <p>Langflest stuðningsbörn hjá okkur fá stuðning í einkastundum þar sem ákveðnir hlutir eru lagðir inn.</p> <p>Stuðningur fylgir oft eftir í hópavinnu, frjálsum leik og matartíma.</p> <p>Kennarar eru meðvitaðir um að öll börn sem njóta sérkennslu eru fyrst og fremst börn á deild. Þau taka virkan þátt í öllu starfi (með einstaka undantekningum).</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Í leikskólanum er TRAS og HLJÓM-2 notað fyrir öll börn. Við notumst svo við AEPS og ABLLS í sérkennslunni eins og þörf þykir. Talmeinafræðingur metur málþroska ef þarf og sálfræðingur leggur einnig fyrir mat ef þess þarf.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við notum bækur og spil, ýmis kennsluforrit í iPad, myndir og myndaspjöld sem eru sérútbúin fyrir sérkennsluna og ýmis leikföng sem gagnast hverju sinni.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldrasamstarf - leiðsögn og samtal	Efla foreldrasamstarf	Funda reglulega með foreldrum þeirra barna sem njóta sérkennslu, ekki eingöngu þeirra sem eru með setta tíma (sérkennslutíma).	Sérkennslu- stjóri og deildarstjórar	Sep'25 Maí '26	Samtal og fundargerðir	Betra upplýsingafæði, markvissari vinna með sérkennslubörn í huga.

Samvinna - Teymisvinna	Efla teymisvinnu	Hafa reglulega fundi í sérkennsluteymi (sérkennslustjóri og sérkennarar) og milli sérkennslu og deildarstjóra.	Sérkennslu- stjóri	Sep'25 Maí'26	Samtal og fundargerðir	Betra upplýsingafæði, markvissari vinna með sérkennslubörn í huga.
-----------------------------------	------------------	--	-----------------------	------------------	------------------------	--

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Í leikskólanum voru 5 fjöltyngd börn í Lundabóli. Þessi börn tóku þátt í hópstarfi jafn og önnur börn og málörvunarstundum.

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Erum ekki að vinna með Gefðu 10. Erum með markvissa málörvun og fjölbreytt starf í hópastundum. Lagt upp úr því að setja orð á athafnir og mikil orðaþjálfun í leik.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Í hópastundum og einnig í frjálsum leik. Kennari er alltaf með ákveðinn fjölda barna í hóp hvort sem um ræðir skipulagðar stundir eða í frjálsum leik. Kennari hefur því góð tækifæri allan daginn að leggja inn orð og byggja upp orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum TRAS fyrir öll börn. Fjöltyngdu börnin fá Orðabækur ef þarf og er það í samvinnu við sérkennslustjóra og talmeinafræðing.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskólaskólans varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Mikil meðvitund um orðaforða og skilning. Lagt upp úr því að hafa orð á sem flestu sem við gerum og einnig tilfinningum og líðan. Börnin eru hvött til að tjá sig og virða rétt allra til að tjá sig.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2025-2026

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramma og Orðaforðalistinn	Að þessi vinnubrögð verði sjálfsagður partur af starfinu okkar	Nota Hæfniramma og Orðaforðalista	Sérkennslu- stjóri og deildarstjórar	Sep'25 Maí'26	Skráningarblöð og samtöl við kennara/ starfsfólk	Að öll fjöltyngd börn fái þessa skráningu

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS í desember voru 22 kennarar í 19,20 prósent stöðugildi. Þar af voru 13 leikskólakennarar, 1 leikskólakennaranemi og 1 með aðra háskólagráðu, myndlistarkennari og þroskaþjálfari. Báðir leiðbeinendurnir sem starfa við leikskólann eru með háan starfsaldur og hlutfallslega mikla ábyrgð og kennslureynslu. Eldhússtarfsmenn eru 2 og er mikið lagt upp úr ferskum og hollum mat.

Starfsþróun: Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári í febrúar og fær fólk umræðupunkta til að svara áður en að samtali kemur. Leikskólastjóri ræðir við allt starfsfólk og starfsmannafundir hafa verið að mestu á vinnutíma, styttri og oftar en þeir hafa verið. Samráðsfundir á milli deilda hafa einnig verið á vinnutíma og auðvitað líka á skipulagsdögum. Starfsfólk getur talað saman um börnin, starfið og leyst málin jafn óðum í sameiningu. Stjórnendafundir voru að jafnaði tvisvar í mánuði en slíka fundi sitja deildarstjórar, sérkennslustjórnari, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Eftir stjórnendafund er gerð fundagerð sem er sett á upplýsingatöflu á kaffistofu og einnig í möppu þar sem öllum fundagerðum er safnað saman og starfsfólk hvatt til að kynna sér. Áhersla er lögð á að virkja starfsfólk til að taka ákvarðanir með stjórnendum og fólk hvatt til að skiptast á skoðunum og láta skoðanir sínar heyrast.

Símenntun og fræðsla: Í vetur höfum við nýtt vel skipulagsdaga og fundi til að efla okkur og styrkja. Við höfum hlustað á erindi um talþjálfun og orðaforða notkun ásamt því að fá þjálfun í framburðæfingum fyrir ung börn. Við fengum erindi um foreldrasamskipti og foreldrasamstarf og hvað það er mikilvægt að við leggjum grunninn að heiðarlegum og traustum samskiptum við foreldra. Leikur að læra námsefnið var kynnt fyrir okkur í janúar og höfum verið að tileinka okkur þá list að nýta leiki og hreyfingu til að kenna annað námsefni. Við fengum fræðslu frá atferlisfræðingi um hegðunarþjálfun. Í samstarfi við hann ætlum við að útbúa umbunarkerfi, efla jákvæða hegðun barna og bæta samskipti á milli barnanna. Við fengum kynningu á nýju matskerfi sem kallast Bravo lesson og byrjuðum að nota með góðum árangri. Nauðsynlegt að hafa allt mat skilvirkt, aðgengilegt og á einum stað. Höldum áfram þessari vinnu næsta skólaár.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Brúum bilið er samstarfsáætlun leik- og grunnskóla bæjarins og snýst um að almennar upplýsingar um stöðu og þroska barna fylgi þeim yfir á næsta skólastig eða í annan leikskóla.

Á hausti ár hvert hittast tengiliðir samstarfsskóla og vinna áætlun um samstarf skólaársins. Sú áætlun felur í sér að unnið er að sameiginlegum verkefnum og reglulegum heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann. Lundaból og Hofstaðaskóli vinna saman en ef þurfa þykir þá vinnum við líka með Flataskóla til að auðvelda leikskólabörnum þessa færslu á milli skólastiga.

9 Foreldrasamvinna

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag sem í samráði við starfsfólk leikskólans stendur fyrir ýmsum uppá komum yfir skólaárið fyrir börnin, foreldra og starfsfólk. Einnig er við leikskólann starfsandi foreldraráð sem fjallar um og gefur umsögn til leikskólans um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Hlutverk foreldraráðs er að vera stuðningur við leikskólastarfið og vera vettvangur fyrir aðra foreldra til að hafa samband ef eitthvað er sem þeim finnst ábótavant eða vilja vekja athygli á.

Á hverju hausti er kynningarfundur fyrir foreldra og förum við þá yfir hvaða áherslur við ætlum að vera með um veturinn og kynnum starfsfólk og verkefni. Undanfarin ár höfum við kynnt fyrir foreldrum

þróunarsjóðsverkefni sem við ætlum að vinna um veturinn og niðurstöður á könnunum sem leikskólapúlsinn leggur fyrir bæði foreldra og starfsmenn.

Mjög mikilvægt er að vera með góða kynningu fyrir nýja foreldra og taka einstaklega vel á móti þeim og barninu, skapa jarðveg fyrir traust og góð samskipti. Við leggjum okkur fram við að upplýsa foreldra um starfið reglulega og notum til þess fjölmargar aðferðir. Einnig bjóðum við foreldrum í 2 samtöl yfir árið þar sem farið er yfir stöðu barnsins og líðan. Nokkrum sinnum yfir árið eru viðburðir sem foreldrum er boðið að koma til okkar og horfum við þá í samveru barna foreldra og starfsmanna, mjög mikilvægt og nánast undantekningalaust góð mæting og þátttaka foreldra.




10 Niðurstöður úr Foreldrakönnun leikskólapúlsins 2025



Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins sem var lögð fyrir í lok febrúar 2025 kom mjög vel út og var góð svörun foreldra. Niðurstöður benda til þess að hérna í Lundabóli séu foreldrar ánægðir með leikskólann sinn, ánægðir með stjórnun og vinnubrögð starfsfólks. Þetta eru mjög dýrmætar niðurstöður og gefa okkur þá mynd að við séum á góðri leið. Foreldrar eru einnig ánægðir með aðstöðu, upplýsingamiðlun og tengsl við starfsfólk.

Við í Lundabóli skorum vel yfir landsmeðaltali í nánast öllum liðum sem spurt var um og fáum stjórnúmerkingu (sem þýðir vel yfir meðaltal) í flestum liðum. Frábærar niðurstöður sem gefa okkur kraft og bjartsýni inn í komandi vetur.



Það eru nokkrir liðir sem hafa lækkað frá síðustu könnun og við þurfum að skoða aðeins betur og eru það:

- Hvatning til þátttöku foreldra í leikskólastarfinu
- Flutningur barna á milli deilda

Þessir þættir fara í umbótaáætlun

Slóð á foreldrakönnun af heimasíðu: [Skólapúlsinn niðurstöður | Karellen - Leikskólakerfi](#)

Mannauður hvers skóla er dýrmætasta auðlindin og höfum við í vetur lagt áherslu á að styrkja starfsfólkið í því sem vel er gert og hvetja það til dáða. Markmiðið er ennþá að fjölga fagfólki og mennta og þjálfra vel leiðbeinendur sem eru hérna hjá okkur. Við trúum því að með því að styrkja starfsmannahópinn og sinna vel sí- og endurmenntun, séum við að búa vel til næstu ára.

Leikskólinn Lundaból

Garðabær 19. júní 2025

Björg Helga Geirsdóttir leikskólastjóri

Leikskólastjóri

Dagsetning